

AUGLÝSING

um 2. áfanga deiliskipulags iðnaðarsvæðis á Bakka, Norðurþingi.

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings 29. apríl 2014 var samþykkt tillaga skipulags- og byggingar-nefndar að deiliskipulagi 2. áfanga iðnaðarsvæðis á Bakka. Deiliskipulagið nær til 6,6 ha svæðis norðan Bakkaár og austan norðausturvegar. Á skipulagssvæðinu eru skilgreindar þrjár iðnaðarlóðir 0,95-4,2 ha að flatarmáli og sýnd aðkoma að þeim frá norðausturvegi. Skipulagið er sett fram sem uppdráttur í blaðstærð A1 auk greinargerðar með umhverfisskýrslu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Húsavík, 18. júní 2014.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 3. júlí 2014